



Strandabyggð  
Hafnarbraut 25  
510 Hólmavík

Dagsetning **15. nóvember 2024**  
Málsnúmer **IRN22010985**  
**IRN23120040**  
**IRN24020091**  
**IRN24030139**  
**IRN24100069**  
**IRN23129280**  
**IRN22129905**

### **Álit innviðaráðuneytisins um stjórnarsýslu Strandabyggðar skv. 2. tölul. 2. mgr. 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011**

Hjálagt sendist álit ráðuneytisins vegna stjórnarsýslu Strandabyggðar, sbr. 2. tl. 2. mgr. 112. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, í málum nr. IRN22010985, nr. IRN23120040, IRN24020091, IRN24030139, IRN24100069, IRN23129280 og IRN22129905.

Ráðuneytið telur jafnframt tilefni til að upplýsa að til þess hafa leitað íbúar sveitarfélagsins, kjörnir fulltrúar og aðrir aðilar til að lýsa yfir áhyggjum af því að hætta sé á að ágreiningur og samskiptavandi sveitarstjórnarfulltrúa sveitarfélagsins kunni að leiða til þess að sveitarstjórn verði óstarfhæf og/eða hafi skaðleg áhrif á starfsemi sveitarfélagsins. Hefur ráðuneytið m.a. verið upplýst um að nokkrir kjörnir fulltrúar sveitarfélagsins hafa farið fram á lausn frá störfum á grundvelli 30. gr. sveitarstjórnarlaga og óskað hefur verið eftir með óformlegum hætti að ráðuneytið grípi til aðgerða gagnvart sveitarfélaginu af þessum sökum til að tryggja starfhæfi sveitarstjórnar.

Vill ráðuneytið áréttta að þrátt fyrir að því sé falið með lögum að hafa eftirlit með einstaka ákvörðunum í stjórnarsýslu sveitarfélaga á grundvelli XI kafla sveitarstjórnarlaga, þá hefur það ekki yfirstjórnunarvald yfir sveitarfélögum. Sjálfstjórnarréttur sveitarfélaga er varinn í 78. gr. stjórnarskrárinnar og það er eingöngu í þeim tilvikum sem greiðslubyrði sveitarfélags er umfram greiðslugetu, sveitarstjórn vanrækir fjárhagslegar skyldur sínar ítrekað sbr. 86. gr. sveitarstjórnarlaga eða ef neyðarástand skapast í sveitarfélaginu sbr. 131.gr. laganna, sem ráðuneytið getur skipað sveitarfélaginu annað hvort fjárhaldsstjórn eða sérstaka neyðarstjórn til að tryggja starfsemi eða greiðslugetu sveitarfélagsins. Að öðru leyti er það fyrst og fremst í höndum kjörinna fulltrúa sveitarfélags að tryggja starfhæfi sveitarstjórnar.

Eitt megineinkenni sveitarfélaga er að fulltrúar í sveitarstjórn eru kjörnir í almennum lýðræðislegum kosningum meðal íbúa sveitarfélagsins og starfar sveitarstjórn því með beinu pólitísku umboði íbúa sveitarfélagsins. Í því felst eðli málsins samkvæmt að ágreiningur kann að vera á meðal kjörinna fulltrúa um stjórn og starfsemi sveitarfélagsins með því álagi sem því kann að fylgja. Ráðuneytið bendir þó á að á kjörnum fulltrúum hvíla lögbundnar og samfélagslegar skyldur um að taka þátt í sveitarstjórn og að gegna starfi sínu af alúð og samviskusemi sbr. m.a. 4. mgr. 49. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og 1. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga. Þá ber sveitarstjórnarmönnum að gæta að almennum hagsmunum íbúa

sveitarfélagsins og öðrum almannahagsmunum í hvívetna sbr. 22. og 24. gr. sveitarstjórnarlaga. Bera sveitarstjórnarmenn því afar ríkar skyldur til að tryggja starfhæfi sveitarstjórnar. Ráðuneytið hvetur því alla kjörna fulltrúa til að huga að lögbundnum skyldum sínum og leita allra leiða til að forða því að ágreiningur og samskiptavandi sem kann að vera innan sveitarstjórnar, komi í veg fyrir málefnalega umræðu um hagsmuni sveitarfélagsins.

F.h. ráðherra

Aðalsteinn Þorsteinsson

Björn I. Óskarsson